

Samkomulag
milli
Kjalar, stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu
og Hjúkrunarheimilisins Fellsenda

Það er sameiginlegur skilningur samningsaðila að kjarasamningur Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannaðjónustu og Sambands íslenskra sveitarfélaga með gildistíma 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 gildi fyrir félagsmenn Kjalar sem starfa á Hjúkrunarheimilinu Fellsenda.

Aðilar að samkomulagi þessu munu, ef þörf krefur, horfa til þeirra kjarasamninga sem SFV og Kjölur hafa gert á umliðnum árum vegna Hjúkrunarheimilisins Fellsenda, ef upp koma álitæfni þar sem úrlausn þeirra er ekki að finna í framangreindum kjarasamningi Kjalar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samningsaðilar munu vinna að útgáfu heildarkjarasamnings sem byggður verður á framangreindum kjarasamningum. Áætlað er að ljúka þeirri vinnu fyrir 31. mars 2025.

Samkomulagi þessu fylgir fundargerð sem gerð var samhliða samkomulagi þessu, þar sem kveðið er á um röðun starfsheita í launaflokka hjá Hjúkrunarheimilinu Fellsenda. Einnig er í fundargerðinni fjallað um breytingar á Félagsmannasjóði, gr. 13.10.1. Eru þær samhljóða lið 3 í fundargerð Samráðsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB frá 17. júlí 2024.

Akureyri og Fellsenda, 5. nóvember 2024 (rafræn undirritun)

F.h. Hjúkrunarheimilisins Fellsenda

F.h. Kjalar stéttarfélags
starfsmanna í almannaðjónustu

Fundargerð starfsmatsnefndar Hjúkrunarheimilisins Fellsenda og Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu.

Fundur haldinn þann 5. nóvember 2024. Fundurinn var símafundur.

Fundinn sátu:

Fulltrúar Kjalar: Arna Jakobína Björnsdóttir og Hafdís Erna Ásbjarnardóttir

Fulltrúar Fellsenda: Þórður Ingólfsson og Svala Svavarsdóttir

Útfærsla á starfaröðun þar sem horft er til niðurstöðu starfsmats sveitarfélaganna. Grein 1.2.1 í kjarasamningi.

Röðun starfsheita í launatöflu skal vera í samræmi við eftirfarandi töflu:

Starfsheiti	Grunnlauna- flokkur	Sérstaða á Fellsenda	Röðun
Félagliði á hjúkrunar- og dvalarheimili	140	1	141
Aðhlynning á hjúkrunar- og dvalarheimili	130	1	131
Matráður I	136	1	137
Matráður II	140	1	141
Matartæknir	145	1	146
Aðstoð í eldhúsi	119	1	120
Umsjónarmaður fasteigna (Húsvörður IV *)	136	1	137
Ræsting	118	1	119
Þvottahús (einyrki) *	127	1	128
Gjaldkeri/innheimtuftr. III	132	1	133
Félagsleg liðveisla II	128	1	129

*Eldra starfsmat

Ofangreint gildir frá 1. janúar 2024.

Félagsmannasjóður

Aðilar er sammála um að gr. 13.10 í kjarasamningi aðila breystist svo frá 1. apríl 2024:

13.10 FÉLAGSMANNASJÓÐUR

13.10.1 Félagsmannasjóður

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í Félagsmannasjóð sem nemur 2,2% af heildarlaunum starfsmanna. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 1. febrúar ár hvert samkvæmt stofnskrá sjóðsins. Greinin gildir ekki um þá starfsmenn er njóta styrkja samkvæmt gr. 13.6.1

Önnur mál

Rædd starfslýsingagerð fyrir störf á Fellsenda. Stefnt er að því að starfslýsingar liggi fyrir 30. nóvember 2025.